

Alþingi  
Erindi nr. P 135/411  
komudagur 26.11.2007

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Allsherjarnefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

20. nóvember 2007

**Varðar: Frumvarp til laga um breytingu ýmissa lagaákvæða  
sem varða sölu áfengis og tóbaks. Þskj 6 – 6. mál**

**Ályktun samþykkt á félagsfundi Faralds- og líftölfræðifélagsins  
þann 19. nóvember 2007**

Erlendar rannsóknir staðfesta að aukið aðgengi að áfengi og lægra verð leiða til meiri neyslu. Reynsla okkar Íslendinga síðustu 15- 20 ár er í samræmi við þessar niðurstöður. Á þessum tíma hefur vínubúðum og vínveitingastöðum hér á landi fjölgað um leið og heildarneysla áfengis hefur nær tvöfaldast. Afleiðinganna hefur þegar orðið vart í aukinni tíðni áfengisýki meðal kvenna (Læknablaðið 2004).


Í smávöruverslun í dag er mikið af ungu fólki undir 20 ára aldri, bæði sem viðskiptavinir og starfsmenn. Það samræmist ekki heilbrigðisáætlun að útsetja þetta unga fólk fyrir áfengi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að aðeins þeir sem eru 20 ára og eldri megi afgreiða vín, en yngri starfsmenn mega raða víni í hillur og þrifa það upp af gólfi ef slyss verða o.s.frv. Þetta býður upp á miklar freistingar. Þá er einsýnt að rétt tvítugir afgreiðslumenn geti orðið fyrir miklum þrýstingi frá samstarfsfólki undir tuttugu ára aldri í versluninni. Þessir þættir munu án efa auka mjög á neyslu þessa unga fólks.

Ljóst er því að frumvarp þetta er ógn við lýðheilsu á Íslandi. Fyrirséð er að meðal langvarandi áhrifa verði aukning á heilsutengdum vandamálum af völdum áfengis, sérstaklega vandamálum sem tengjast langtíma neyslu á miklu áfengi s.s. skorpulífur, heila og taugasköðum auk geðsjúkdóma.

Fari svo að Alþingi stígi það óheillaspor að samþykkja frumvarpið er nauðsynlegt að byggja inn í lögin ákvæði og fjárveitingu varðandi skrásetningu og rannsóknir á afleiðingum hins aukna aðgengis. Í því þarf að felast eftirfarandi.

Að gerð verði ítarleg úttekt á breytingum á nýgengi og algengi áfengistengdra sjúkdóma og dánarmeina, á kostnaði þjóðfélagsins vegna áfengisneyslu, þar á meðal í formi útgjalda til heilbrigðiskerfisins, útgjalda vegna trygginga og örorku ásamt mati á fjölda fórnarlamba ofbeldisglæpa, morða, sjálfsvíga og bílslysa sem rekja má til áfengisneyslu. Jafnframt að fram fari nákvæm rannsókn á drykkjuvenjum fólks á öllum aldri, fyrir og eftir samþykkt laganna.

Faralds- og líftölfræðifélagið er tilbúið til að veita aðstoð við undirbúning og framkvæmd rannsóknanna, ef svo færi að frumvarpið yrði samþykkt.

  
Laufey Tryggvadóttir faraldsfræðingur  
formaður Faralds- og líftölfræðifélagsins